

til þess að þeim tilgangi yrði náð, mundi duga mjög einfalt ráð, og á engan hátt ómannúðlegt. En það er, að vísindaverk og bókmenntaverk manna, sem ekki eru af gyðingaættum, væru ekki í minni metum höfð en afrek Gyðinga í þeim efnum. Mun skiljast hvað átt er við, þegar sagt er, að það mundi þurfa þó nokkur hundruð vísindamenn sem ekki eru Gyðingar, til að jafnast að frægð á við gyðingana Einstein og Freud. Að þessi geisimikli munur sé að verðleikum, leyfi ég mér að efast um, jafnvel þar sem Einstein á í hlut. En að því er Freud snertir er ég dómbær, og ekki í neinum efa. Verk hans hefir verið geisilega ofmetið.

2. Skipting auðsins

Nokkru fyrir aldamótin síðustu sá ég þess getið í bresku tímariti, að þjóðarauðurinn breski skiptist þannig, að 280 menn ættu fjórðunginn, annar fjórðungur kæmi í hlut 180000 manna, en helmingurinn sem eftir er skiptist svo milli þessara milljóna, sem voru nálega öll þjóðin; en þó þannig, að 12 milljónir mættu teljast gersamlega öreigar. Sjálfsagt má telja, að þessi skipting þjóðarauðsins breska hafi breyst eigi alllítið til hins betra á þessari hálfu öld sem liðin er, síðan ég sá þannig frá henni skýrt, og þó einkum þannig, að hinir alveg blásnauðu séu nú mun færri. En þessi efnaskiptingarsaga rifjaðist upp fyrir mér, þegar ég sá þess getið, að innstæður í bönkum og sparisjóðum hér á landi væru kringum 500 milljónir kr. Kom mér í hug, að það gæti verið ekki alveg ófróðlegt að vita, hvernig þessi fjáreign skiptist; hvað margir væru t. d. eigendur 100 eða 200 milljóna af þessu fé, og hve margir væru um að skipta síðustu 10 milljónunum. Virðist mér nærri furðulegt, að ég skuli hvergi hafa séð koma fram neinn hug á að fá að vita, hvernig þessi auður skiptist niður á íbúa landsins.

Talsvert orð virðist nú fara af því, a. m. k. á Norðurlöndum, hvílik auðþjóð Íslendingar séu; en hitt virðast menn miklu síður vita, að engin Norðurlandþjóðin hefir verið líkt því eins fátæk og Íslendingar, engin þar sem fátæktin hefir verið því eins bagalega til fyrirstöðu, að þeir, sem þó

voru miklir efnismenn, gætu notið sín; og engin þjóð í allri Norðurálfunni, þar sem líkt því eins margir hafa, miðað við fólksfjölda, dáðið af hungri, harðrétti og öðrum illum aðbúnaði.

En að vísu mun nú dögum fátæktar og vesaldar vera lokið fyrir íslensku þjóðinni, a. m. k. ef Adam Rutherford reynist eins sannspár um framtíð Íslendinga og hann hefir um ýmislegt annað reynst. Og svo vonum vér að verði, þó að horfurnar séu raunar allt annað en bjartar nú sem stendur. En verið getur, að um það, sem fyrir stafni jarðarskipsins virðist nú, megi segja eins og Njáll: Él eitt mun vera.

3. *Brúin*

Fyrir nokkrum árum var hér lengi í búðarglugga mynd, þar sem sjá mátti gljúfur geigvænlegt og brú á. Mjó var hún, handriðslaus, en út á þessa brú var að ganga barn, 2—3 ára. Þarna var þó engin hættu á ferðum, því að engill (með stóra, hvíta fuglsvængi út úr bakinu) hélt í höndina á óvitanum. Svona þyrfti að vera, og er þó því miður ekki nema í verkum sumra listamanna. En mikil væri þörfin á slíkri barnavernd.

Nú fyrir skömmu fréttist, að tveir 7 ára drengir hefðu drukknað mjög slysalega, annar þeirra einkabarn; og þessa dagana segja blöð og útvarp frá ennþá hroðalegra slysi; 3 ára barn steypist ofan í sjóðheitan þvottalög og deyr eftir tveggja sólarhringa voðalegar kvalir. En nokkru áður hafði annað 3 ára barn soðnað til bana í hveralæk. Öllum kemur saman um, hvílíkir hörmungaratburðir slíkt eru, og ekki er ólíklegt, að fólk sem hefir þá trú, að öllu sé hér stjórnað af algóðum guði, sé í vandræðum með að gera sér grein fyrir því, að slíkt skuli geta átt sér stað. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að væri nokkur góð vera til, sem forðað hefði getað börnunum frá þessum hroðalega dauða, þá hefði það verið gert. Annað eins og þetta er það, sem ekki á að vera. Enginn má þó skilja mig svo sem ég vilji reyna til að telja nokkrum trú um, að ekki séu til góðar verur, oss mönnunum miklu fremri, meira að segja verur, sem er það mjög ríkt í hug að hafa áhrif til góðs hér á jörðu. En vandræðin eru